

# Íslenskt vögguljóð

Þorvaldur Gylfason

Frá unglingsárum fram yfir miðjan aldur samdi Gylfi Þ. Gíslason prófessor, faðir minn, rösklega tuttugu sönglög. Flest þeirra eru til á prenti og á hljómplötum og diskum. Lagið *Hanna litla* eftir Þangbrand Þorsteinsson við ljóð Tómasar Guðmundssonar heyrðist stundum í útvarpinu, þegar ég var strákur, síðasta lag fyrir fréttir. Fáir vissu, að lagið var eftir Gylfa, enda gekkst hann ekki opinberlega við þessari tómstundaiðju sinni fyrr en um fimmtugt. Nú er *Hanna litla* til á diskni undir réttu höfundarnafni; Garðar Cortes óperusöngvari syngur lagið með létttri og leikandi ástríðu.

Gylfi bjó til laglínur við ljóð og lagði einfalda hljóma við þær. Þegar þar að kom, fékk hann bjálfaða tónlistarmenn til að útsetja löggin, áður en hann létt þau fara frá sér. Fyrsti útsetjari Gylfa á lokavetri hans í Menntaskólanum í Reykjavík 1935-36 var Karl O. Runólfsson tónskáld. Löngu síðar gerðist vinur Gylfa, Jón Þórarinsson tónskáld, aðalútsetjari hans. *Tuttugu sönglög* Gylfa birtust á prenti 1985 í listilegri útsetningu Jóns handa söngrödd og píanói. Jón hafði áður útsett sum löggin handa karlakórnum Fóstbræðrum, sem Jón stjórnaði um árabil.

Eitt laga sinna setti Gylfi aldrei í hendur Jóns, þótt hann feginn vildi, svo að það hefur ekki fyrr en nú birzt á prenti. Gylfa þótti ekki rétt að leggja þetta lag á vin sinn vegna þess, að Jón hafði sjálfur gert landfleygt lag við sama kvæði, *Íslenskt vögguljóð* eftir Halldór Kiljan Laxness. Gylfa þótti lag Jóns vera betra, það segir sig sjálft, en honum fannst lagið sitt samt kannski eiga rétt á sér við hlið hins vegna þess, að lag Jóns er í moll – og þetta er svo glaðleg vögguvísa hjá Halldóri, sagði Gylfi, að hún þarf helzt að vera í dúr.

Árin liðu. Róbert Arnfinnson leikari söng lög Gylfa inn á tvær hljómplötur 1974 og 1979 í fágaðri hljómsveitarútsetningu Jóns Sigurðssonar, sem stundum var kenndur við bassa. Á síðari plötunni söng Róbert vögguljóð Halldórs. Lagið hafði þá ekki heyrzt áður utan veggja heimilisins, nema Jón bassi kaus að hafa lagið í moll. Lagið ber báða tónstigana, og mörg önnur lög Gylfa eru í dúr og moll á víxl. En vögguljóð Halldórs þurfti að vera í dúr. Gylfi hafði ekki orð á þessu, en ég tók eftir því.

Þess vegna ákvað ég eftir dúk og disk að útsetja lagið upp á nýtt í ósviknum dúr og nú handa blönduðum kór. Mér hefur alltaf fundizt þetta lag, sem hann spilaði á hvítu nótunum fyrir okkur bræðurna barnunga til að kenna okkur kvæðið, bjóða upp á ívið ríkari hljómsetningu en hann notaði sjálfur. Raddsetningin hér gæti einnig hentað handa píanói, burstum eða öðrum búsáhöldum og bassa. Ég meina djass.

Legg það í dóm lesandans.